**LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM**
Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 420 1700, bréfsími: 421 1786

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 143/1007*
*komudagur 10.2.2014*

**Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 457 – 249. máls.**

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum lýsir yfir ánægju með framangreint frumvarp um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd, hælismál).

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið en mikilvægt er að fram komi að nauðsynleg er að tryggja fjármuni úr ríkissjóði til framkvæmdar á ákvörðunum um frávísun og brottvísun, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur þurft að annast og fjármagna þær frávísunarákvarðanir sem teknar eru á landamærum án þess að nokkrum fjármunum sé ráðstafað til þessa úrræðis úr fjárlögum.

Reykjanesbær, 10. febrúar 2014,

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
lögreglustjóri